

66

29. apríl

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20—10 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í lendingarbótasjóð.

20. gr.

21. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. apríl 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

67

16. maí

REGLUR

um úthlutun styrkja árið 1947 til öryrkja, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar.

1. gr.

Á árinu 1947 er Tryggingastofnuninni heimilt að verja allt að kr. 400000.00, auk verðlagsuppbótar, til styrktar öryrkjum á örorkubílinu 50—75%, sem sótt hafa um slíkan styrk fyrir 31. marz 1947. Skal úthlutun styrkjanna hagað samkv. eftirfarandi ákvæðum.

2. gr.

Tryggingaráð ákveður, hversu mikill hluti fjárhæðar þeirrar, sem í 1. gr. getur, skuli koma til úthlutunar í hverju tryggingaumdæmi. Skal við þá skiptingu höfð hliðsjón af íbúatölu umdæmanna og verðlagssvæðum og jafnframt tillit tekið til þeirra umsókna úr hverju umdæmi, sem ráðið telur, að sinna beri, sbr. 3. gr.

3. gr.

Til þess að stuðla að samræmi í úthlutun, svo og til hliðsjónar við skiptingu fjáris milli umdæma, gerir Tryggingastofnunin frumdrög að úthlutun fyrir hvert umdæmi um sig, samkvæmt þeim umsóknum, sem til greina koma og nægar upplýsingar fylgja, og ákveður í einu lagi fjárhæð til þess að mæta þeim umsóknum úr umdæminu, sem svo er háttáð, að gefnar upplýsingar nægja ekki til að byggja á þeim ákvörðun um úthlutun, og úthlutar umboðsmaður fjárhæð þessari skv. 4. og 5. gr. Þá ákveður ráðið og, hverjar umsóknanna komi ekki til greina og synjar þeim.

4. gr.

Þegar hlutur hvers umdæmis hefur verið ákveðinn og frumdrög að úthlutun gerð, samkvæmt 3. gr., skal senda umboðsmönnum stofnunarinnar umsóknirnar til úrskurðar og afgreiðslu.

Er umboðsmönnum heimilt að vikja frá úthlutunar frumdrögum aðalskrifstofunnar (sbr. 3. gr.) í einstökum atriðum, þó þannig, að heildarfjárhæðin hækki ekki.

Ekki er þó heimilt að úrskurða þeim umsækjendum styrk, sem aðalskrifstofan hefur 67
synjað. En komi nýjar upplýsingar fram, sem umboðsmaðurinn telur eiga að valda 16. maí
annarri niðurstöðu, skal hann endursenda aðalskrifstofunni umsóknina með um-
sögn sinni, og getur þá aðalskrifstofan úrskurðað umsækjanda styrk, ef fé er fyrir
hendi.

5. gr.

Hámarksfjárhæð styrks til umsækjanda, sem ekki hefur börn innan 16 ára
aldurs á framfæri sínu, má nema $\frac{3}{4}$ hlutum lífeyrisfjárhæðar, samkvæmt 15. gr. al-
mannatryggingalaganna.

Við úthlutun skal höfð hliðsjón af:

1. Eignum og tekjum umsækjanda og maka hans.
 2. Örorkustigi umsækjanda með tilliti til þess starfa, er hann stundar, eða kostur
er á.
 3. Fjölda barna umsækjanda innan 16 ára, sem hann hefur á framfæri sínu og
ekki greiðist með barnalífeyrir eða fjölskyldubætur.
 4. Fjárhagsástandum framfærsluskyldra aðstandanda og hvort umsækjandi dvelur
há slíkum aðstandanda eða hefur sérstakt heimili.
- Tryggingaráð lætur umboðsmönnum í té nánari leiðbeiningar um framkvæmd
úthlutunarinnar í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

6. gr.

Umboðsmaður hefur samráð við trygginganefnd umdæmisins eftir því sem þörf
krefur. Heimilt er honum einnig að kveðja sér til ráðuneytis einn mann úr hverju
því sveitarfélagi, sem ekki á fulltrúa í trygginganefnd. Greiðir Tryggingastofnunin
beinan kostnað, sem leiðir af slíkri kvaðningu.

Reglur þessar, sem settar eru samkv. 3. bráðabirgðaákvæði laga nr. 50 frá 1946,
um almannatryggingar, staðfestast hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtast
til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUR

um stjórn, gæzlu og meðferð raforkusjóðs.

1. Raforkumálastjóri annast stjórn raforkusjóðs og reikningshald undir yfir-
umsjón ráðherra þess, sem fer með raforkumál.
2. Það af sjóðnum, sem ekki er bundið í útlánum á hverjum tíma, skal geymast
og ávaxtast í Landsbanka Íslands á hlaupareikningi, sem raforkumálastjórinn
einn getur ávísað á, sbr. 4. lið
3. Raforkumálastjóri gerir, að fenginni umsögn raforkuráðs, tillögur til ráðherra
um lánveitingar og greiðslur úr sjóðnum, samkvæmt ákvæðum 35. til 38. greina
raforkulaganna.
4. Raforkumálastjóri veitir engin lán né greiðir úr sjóðnum, nema samkvæmt
skriflegri heimild frá ráðherra eða skriflegum fyrirmælum hans.